

Miðvikudaginn 26. nóvember 1952.

Nr. 176/1951. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder

(Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Ákæra um brot gegn 2. mgr. 19. gr. lög-
reglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði réð sem lærimeistari Einar Olgeirsson, sem fæddur er 2. desember 1934, til náms í framreiðslu í Sjálfstæðis-
húsinu í Reykjavík frá 16. ágúst 1950 að telja, og gerði for-
ráðamaður Sjálfstæðishússins námssamning við Einar hinn
27. september 1950. Var sá námssamningur staðfestur af
Iðnfræðsluráði hinn 16. október 1950. Samkvæmt 10. gr. laga
nr. 46/1949 um iðnfræðslu er unglíngum ekki heimilt að hefja
iðnnám yngri en 16 ára, en þó er rétt með sérstöku samþykki
Iðnfræðsluráðs í hvert sinn að veita nemendum í léttum iðn-
greinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn
fullra 15 ára. Með því að Einar Olgeirsson var orðinn fullra
15 ára, er ákærði réð hann til námsins, og Iðnfræðsluráð
hefur staðfest námssamninginn, er ákærða vítalaus ráðning
Einars til námsins, og geta ákvæði 2. mgr. 19. gr. lögreglu-
samþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 engu breytt í þessu
efni. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í
máli þessu og leggja allan kostnað af sökinni bæði í héraði,
að því er ákærða varðar, og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar
með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði,
kr. 500.00, og málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda
fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder, á að vera
sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni bæði í héraði, að því er ákærða varðar, og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir héraðsdómi, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 600.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. september 1951.

Ár 1951, mánudaginn 17. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3236—3237/1951: Ákærvaldið gegn ... Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder, sem tekið var til dóms þann 5. sama mánaðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ... Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder yfirþjóni, Lindargötu 62 hér í bæ, fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930.

...

Ákærði Vilhjálmur er fæddur 1. júní 1916 í Hainau í Þýzkalandi. Hann var áminntur í lögreglurétti Reykjavíkur þann 4. september 1950 fyrir vöntun á skrásetningarmarki bifreiðar, en hefur annars ekki, svo vitað sé, sætt kærú né refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

...

II.

...

Við rannsókn ... kom það í ljós, að Einar Olgeirsson, ungbjónn í Sjálfstæðishúsinu, Langholtsvegi 181, starfaði sem nemi í nefndu samkomuhúsi, þótt ekki hefði hann náð 16 ára aldri.

Var þetta atriði tekið til rannsóknar sérstaklega að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins. Hefur Einar skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi tekið að starfa sem veitingaþjónsnemi í Sjálfstæðishúsinu þann 15. ágúst 1950 og hafi þá ákærði Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder ráðið sig til þess starfs. Ekki segir þó Einar hafa verið gerðan við sig námssamning sem nema í þessu starfi, fyrr en eftir að hann var orðinn fullra 16 ára, eða eftir 2. desember s.l. (Einar er fæddur 2. desember 1934), en þá hafi sá tími, sem hann hafði þegar unnið í Sjálfstæðishúsinu (þ. e. frá 15. ágúst til 2. desember 1950), verið talinn með sem námstími, þannig að í námssamningnum sé námstíminn talinn hafa hafizt 15. ágúst 1950.

Einar Olgeirsson kveðst annars hafa gefið sig fram við ákærða Schröder samkvæmt auglýsingu eftir ungbjóni í Sjálfstæðishúsið í dagblöðum bæj-

arins í ágústmánuði 1950. Segir hann fleiri en sig hafa sótt um þetta starf, en hann hlotið það.

Einar Olgeirsson hefur tekið fram, að Iðnfræðsluráð hafi samþykkt námssamning sinn við Sjálfstæðishúsið, eftir að hann var gerður.

Ákærða Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder ber að mestu saman við Einar Olgeirsson um gerð námssamningsins við Einar og tildrögin að því, að hann var gerður. Hefur ákærði Schröder annars skýrt svo frá, að í ágústmánuði í fyrrasumar (1950) hafi vantað veitingaþjóns nema í Sjálfstæðishúsið, þar sem ákærði er yfirþjónn, og hafi hann því auglýst eftir manni til þessa starfs. Samkvæmt þeirri auglýsingu segir ákærði Schröder nokkra unglinga hafa gefið sig fram og hafi Einar Olgeirsson verið meðal þeirra. Segir hann sér hafa litið best á Einar af umsækjendum og því ráðið hann til starfsins til reynslu. Ákærði Schröder kveðst hafa spurt Einar um aldur hans, er hann réð hann, og hafi sér því verið ljóst frá upphafi, að hann var ekki nema 15 ára gamall, þegar hann réðst í þjónustu Sjálfstæðishússins, en ákveðið hafi verið frá upphafi, að fyrstu 3 mánuðirnir af starfstímanum yrðu til reynslu. Ákærði Schröder hefur tekið fram eins og Einar Olgeirsson, að námssamningur hafi ekki verið gerður við Einar, fyrr en eftir að hann var orðinn fullra 16 ára að aldri, og hafi samningur þessi síðan verið samþykktur af Iðnráði Reykjavíkur. Í námssamningnum hafi starfstími Einars hins vegar verið talinn hefjast, þegar hann hóf starf sitt sem ungbjónn í Sjálfstæðishúsinu eða í ágústmánuði 1950, þannig að þar hafi reynslutíminn verið talinn með námstímanum.

Ákærði Schröder hefur tekið fram, að að vísu hafi sér verið ljóst, er hann réð Einar Olgeirsson sem ungbjón og gerði síðan við hann námsamning, að ekki væri heimilt samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur að ráða ungling innan 16 ára aldurs til slíkra starfa, en kveðst hafa gengið út frá, að ekki skipti máli um aldurinn í þessu tilfalli, þar eð svo lítið hafi vantað á nægilegan aldur Einars, og auk þess hafi Iðnráð Reykjavíkur samþykkt námssamninginn við hann (Einar), þar sem starfstími hans var talinn hefjast, áður en hann náði 16 ára aldri.

III.

...

Augljóst telst, að með því að ráða ungling (Einar Olgeirsson) sem starfsmann í veitingahús, þar sem iðulega eru haldnar dansskemmtanir, áður en hann hafði náð 16 ára aldri, hafi ákærði Vilhjálmur Alfreð Schröder gerzt brotlegur við 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur n. 2/1930.

Þykir refsing hans samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Harðar Ólafssonar héraðs-

dómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðarins, ...

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið, en skipaður verjandi ákærðu fékk framlengdan frest til að skila vörn sinni.

Dómsorð:

...

Ákærði Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder greiði 500 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði $\frac{1}{3}$ hluta sakarkostnaðarins, ...

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1952.

Nr. 16/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

Péttri Rúðrik Rósant Valentý Kárasyni

(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvaldsins, ber að staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.